

2. desember 2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 30. nóvember 2004 óskaði efnahags- og viðskipta- nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi með síðar breytingum, 320. mál.

Í umsögnum sínum um hliðstæð frumvörp á liðnum árum hefur Seðlabanki Íslands jafnan lagt ríka áherslu á mikilvægi öflugs eftirlits með starfsemi fjármálastofnana. Bankinn hefur jafnframt lýst þeirri skoðun sinni að Fjármálaeftirlitið hafi sinnt starfi sínu af kostgæfni, að það hafi brugðist við vandamálum sem upp hafa komið af yfirvegun og að það hafi með aðgerðum sínum veitt fyrirtækjum sem eftirliti sæta tilhlýðilegt aðhald. Í umsögn sinni fyrir ári benti bankinn m.a. sérstaklega á úttektir sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði gert á starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Þá má nefna að í umsögnum alþjóðlegra fyrirtækja sem meta lánshæfi ríkissjóðs hefur komið fram að öflugt og virkt starf Fjármálaeftirlitsins skiptir miklu fyrir lánshæfi Íslands og íslenskra lántakenda á alþjóðlegum mörkuðum.

Umhverfi Fjármálaeftirlitsins tekur sífelldum breytingum og má fullyrða að þær hafi verið óvenju örar í seinni tíð. Einkum má þar nefna tvennt, annars vegar útrás bankanna og hins vegar miklar breytingar á innlendum lánamarkaði þegar bankar hófu að veita fasteignaveðlán með öðrum skilmálum en tíðkast höfðu. Þá eru trúlega í vandum mikilvægar breytingar á löggjöf um innlandan verðbréfamarkað sem líklega munu leggja auknar skyldur á herðar Fjármálaeftirlitsins. Starfsemi íslenskra banka á erlendri grundu gerir miklar kröfur til Fjármálaeftirlitsins og felur í sér mjög aukið álag. Fjármálaeftirlitið þarf hvort tveggja í senn að fylgjast með starfsemi dótturfyrirtækja og útibúa íslenskra banka í öðrum löndum og að efla mjög samskipti sín við eftirlitsstofnanir í viðkomandi löndum. Þær miklu breytingar sem orðið hafa á innlendum lánamarkaði á seinni hluta þessa árs þýða jafnframt að Fjármálaeftirlitið þarf að beina sjónum sínum enn frekar að áhættustýringu bankanna en gert hefur verið til þessa. Í ljósi framansagðs má jafnvel álykta að rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir komandi ár sé full hófleg. Óhjákvæmilegt virðist að beita verður mikilli forgangsröðun viðfangsefna á komandi ári auk þess að huga að enn frekari eflingu Fjármálaeftirlitsins á komandi árum þegar við

breytingarnar sem þegar hafa verið nefndar bætist gildistaka nýrra eiginfjárreglna.

Seðlabanki Íslands styður eindregið það frumvarp sem hér er til umsagnar. Mikilvægi öflugs og viðurkennds fjármálaeftirlits verður ekki ofmetið. Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að trúverðugt fjármálaeftirlit sem viðurkennt er að starfi á grundvelli alþjóðlegra viðurkenndra reglna er mikilvægt fyrir samkeppnishæfni íslenskra fjármálastofnana á alþjóðamarkaði.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísleifur Gunnarsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri